Umhverfis-, orku- loftslags- og húsnæðismál

Ályktun Haustþings
Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Varmalandi

15. október 2026

Umhverfis- og loftslagsmál

Haustþing SSV leggur áherslu á að við innleiðingu breytinga á heilbrigðiseftirliti verði tryggt að þjónusta, sérþekking og störf haldist sem næst íbúum og atvinnulífi. Mikilvægt er að breytingarnar leiði hvorki til lakari þjónustu né aukinnar miðstýringar og að þekking á staðbundnum aðstæðum verði áfram nýtt við eftirlit.

Haustþing SSV hvetur ríkið til að tryggja uppbyggingu fullnægjandi innviða hér á landi til öruggrar meðhöndlunar og förgunar brennanlegs úrgangs, dýraleifa og áhættuvefja. Við undirbúning hátæknibrennslustöðvar verði sérstaklega metið hvernig slík stöð geti leyst úr brýnum úrgangsmálum atvinnulífs og sveitarfélaga.

Haustþing SSV hvetur ríki og sveitarfélög til áframhaldandi samstarfs um markvissar aðgerðir í loftslagsmálum og sjálfbærri þróun. Tryggja þarf sveitarfélögum aðgang að gögnum, þekkingu og fjármagni svo þau geti sett sér mælanleg markmið og fylgt þeim eftir.

Haustþing SSV leggur áherslu á að uppbygging fiskeldis sé byggð á skýrri lagaumgjörð, öflugu eftirliti og viðurlögum ásamt mati á áhrifum starfseminnar á umhverfi og lífríki. Jafnframt verði tryggt að sveitarfélög og nærsamfélög hafi raunverulega aðkomu að ákvarðanatöku sem varðar starfsemi á þeirra svæðum. Mikilvægt er að hagsmunir veiðiréttarhafa verði tryggðir við lagasetningu um lagareldi svo öðrum búgreinum og atvinnuuppbyggingu stafi ekki hætta af fiskeldisrekstri. SSV hvetur stjórnvöld til að leggja fram frumvarp á Alþingi hvað þetta varðar sem fyrst.

Breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits kalla á vandaða innleiðingu. Sveitarfélög á Vesturlandi leggja áherslu á góða nærþjónustu, skilvirka afgreiðslu og áframhaldandi nýtingu þeirrar sérþekkingar sem byggst hefur upp á svæðinu.

Skortur á fullnægjandi innlendum förgunarleiðum skapar kostnað og áhættu fyrir sveitarfélög og atvinnulíf. Samræmd lausn getur svarað fleiri en einni þörf og aukið öryggi í meðhöndlun úrgangs.

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki í loftslagsmálum með skipulagi, úrgangsmálum, samgöngum, innkaupum og rekstri. Ný gögn um kolefnisspor Vesturlands skapa betri grundvöll fyrir markvissar aðgerðir og eftirfylgni.

Fiskeldi getur haft áhrif á atvinnulíf, umhverfi og samfélög. Mikilvægt er að uppbygging greinarinnar byggist á skýrum reglum, traustu eftirliti og ábyrgri nýtingu náttúruauðlinda.

Á Vesturlandi eru margar af bestu laxveiðiám landsins sem hafa verið nýttar til laxveiði í yfir 150 ár. Það eru fá landssvæði á Íslandi sem hafa eins mikla hagsmuni af heilbrigði villtra laxastofna. Fiskeldi getur haft áhrif á atvinnulíf, umhverfi og samfélög. Mikilvægt er að uppbygging greinarinnar byggist á skýrum reglum, traustu eftirliti og ábyrgri nýtingu náttúruauðlinda, þ.m.t. að vernd villtra laxastofna og laxveiðiánna séu tryggð.

Orkumál

Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að tryggja nægt og öruggt framboð raforku til heimila og atvinnulífs á Vesturlandi og jafna þann kostnaðarmun sem íbúar bera vegna dreifingar raforku og húshitunar. Sérstaklega verði horft til heimila og fyrirtækja á köldum svæðum. Jafnframt verði tryggt nægt fjármagn til stuðnings við orkusparnað og nýjar lausnir í húshitun.

Haustþing SSV leggur áherslu á áframhaldandi uppbyggingu og endurnýjun flutningskerfis raforku til að tryggja afhendingaröryggi, næga flutningsgetu og forsendur fyrir atvinnuuppbyggingu. Við uppbyggingu Holtavörðuheiðarlínu verði leitað allra leiða til að ná sem víðtækastri sátt og samningum um línuleið við nærumhverfið í samráði við sveitarfélög, landeigendur og íbúa. Tryggja þarf málefnalega umfjöllun um þá valkosti sem til staðar eru varðandi línustæði og gagnsæi við ákvarðanatöku og sanngjarnt endurgjald fyrir skerðingu á eignarrétti og nýtingu lands.

Haustþing SSV fagnar ákvörðun Landsnets um að ráðast í framkvæmdir við Vegamótalínu 2 frá Vatnshömrum í Vegamót. Framkvæmdin leysir spennuvandamál, bætir afhendingaröryggi og aðgengi að raforku sem í dag er ábótavant. Haustþing SSV leggur áherslu á mikilvægi þess að Landsnet vandi mjög til verka og nái sem víðtækastri sátt og samningum um línuleið við nærumhverfið.

Haustþing SSV skorar á Landsnet að ráðast í undirbúning og hönnun nýrrar 132 kV stofnlínu frá Vogaskeiði að Glerárskógum eða með beinni tengingu við byggðalínu og hefja samhliða samtal við landeigendur um mögulegar línuleiðir. Jafnframt verði tryggð áframhaldandi uppbygging flutningskerfisins með 132 kV tengingu frá Vegamótum að Vogaskeiði, þannig að má megi fulltri 132 kV hringtengingu á Snæfellsnesi.

Haustþing SSV hvetur RARIK og stjórnvöld til að hraða endurnýjun dreifikerfis raforku á Vesturlandi, með áframhaldandi jarðstrengjavæðingu og þrífösun þar sem þörf er á.

Haustþing SSV skorar á ríki og sveitarfélög að vinna að einföldun regluverks sem gerir smávirkjanir og örvirkjanir að raunverulegum kosti til raforkuframleiðslu.

Haustþing SSV skorar á ríkisstjórn og Alþingi að ljúka sem fyrst afgreiðslu frumvarps um afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati. Lögð er áhersla á að sveitarfélög sem verða fyrir áhrifum vegna orkumannvirkja fái sanngjarna hlutdeild í þeim verðmætum sem verða til við nýtingu auðlinda innan marka þeirra. Þá er jafnframt kallað eftir því að lagabreytingin verði útfærð með þeim hætti að sveitarfélög verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum vegna samspils við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Hátt orkuverð og takmarkað afhendingaröryggi hefur sérstaklega áhrif á köldum svæðum. Öruggt raforkuframboð og sambærilegur orkukostnaður eru mikilvægir þættir í búsetuskilyrðum og samkeppnishæfni atvinnulífs á landsbyggðinni.

Holtavörðuheiðarlína er mikilvæg framkvæmd fyrir styrkingu flutningskerfisins en hefur jafnframt veruleg áhrif á landeigendur og nærsamfélög. Mikilvægt er að framkvæmdin byggist á traustu samráði og skýrum reglum um réttindi og bætur.

Takmörkuð flutningsgeta og veikleikar í raforkukerfinu geta hamlað atvinnuuppbyggingu og skapað hættu á skerðingum. Nauðsynlegt er að framkvæmdaáætlanir taki mið af fyrirsjáanlegri eftirspurn og byggðaþróun. Leggja þarf nýja og svæðislínu á Akranes og endurnýja þarf stofnlínu frá Hrútatungu í Glerárskóga. Lagning nýrrar stofnlínu frá Vogaskeiði að Glerárskógum eða með beinni tengingu við byggðalínu, ásamt tengingu frá Vegamótum að Vogaskeiði, er mikilvægur þáttur í að tryggja fulla hringtengingu Snæfellsness (N-1) og þar með viðeigandi raforkuöryggi og flutningsgetu. Mikilvægt er að flýta þessum áföngum og hefja snemma samráð við sveitarfélög, landeigendur og íbúa um undirbúning og val á línuleiðum. Þá er mikilvægt að byggja upp varaafl á Vesturlandi á meðan afhendingaröryggi er ekki nægjanlegt, sérstaklega í Dölum og á Snæfellsnesi.

Öflugt dreifikerfi er forsenda búsetu og atvinnurekstrar í dreifbýli. Þrífösun og endurnýjun kerfisins eykur afhendingaröryggi og skapar betri skilyrði fyrir atvinnuuppbyggingu og orkuskipti.

Sveitarfélög geta sett fram heimildir til uppsetningar smávirkjana í aðalskipulagi, en einnig þurfa að vera til staðar heimildir til að tengja þær inn á raforkukerfið. Smávirkjanir í dreifbýli eru mikilvægar fyrir rafvæðingu landbúnaðartækja og önnur orkuskipti í landbúnaði.

Skilgreina þarf helgunarsvæði lína og annarra mannvirkja sem lóðir sem annaðhvort eru umráðaland eða eign eigenda orkumannvirkja. Með þeim hætti mun ákvörðun um að heimila orkumannvirki í gegnum sveitarfélögin verða til þess að skila skatttekjum til sveitarfélaganna.

Húsnæðismál

Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að tryggja sveitarfélögum á landsbyggðinni raunhæf úrræði til að stuðla að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, meðal annars á svæðum þar sem byggingarkostnaður er hærri en markaðsverð fasteigna. Fjármögnunarúrræði ríkisins þurfa að taka mið af ólíkum aðstæðum húsnæðismarkaða og styðja sérstaklega við fyrstu kaupendur og uppbyggingu hagkvæms húsnæðis.

Haustþing SSV hvetur stjórnvöld og Byggðastofnun til að þróa fjármögnunarúrræði fyrir uppbyggingu atvinnuhúsnæðis á svæðum þar sem markaðsaðstæður gera hefðbundna fjármögnun erfiða.

Skortur á hentugu húsnæði getur hamlað fólksfjölgun, atvinnuuppbyggingu og nýliðun á landsbyggðinni. Á veikari fasteignamörkuðum getur jafnframt verið erfitt að fjármagna nýbyggingar þar sem byggingarkostnaður er hærri en vænt markaðsverð.

Skortur á hentugu atvinnuhúsnæði getur hindrað nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á minni markaðssvæðum. Sérstök fjármögnunarúrræði geta því verið mikilvægt byggðatæki þar sem hefðbundinn fasteignamarkaður styður ekki við nauðsynlega uppbyggingu.